



SKÓLAFUNDUR

HAUSTÖNN 2023

NÍÐURSTÖÐUR

EFNISYFIRLIT

1

Inngangur

2

Íslenskuþorpið

3

Mötuneytið

4

Skólareglur

5

Skólaráð

6

Raunmæting

7

Annað

VIRÐING
FJÖLBREYTNÍ
SKÖPUNARKRAFTUR

Inngangur

Skólafundur var haldinn 8. nóvember 2023 í fundargatinu á milli 11:00 og 12:00 í miðrými tungumáladeildar.

Í upphafi var leitað eftir umræðuefnum varðandi skólasamfélagið sem nemendum og öðrum þótti mikilvægt að ræða. Viðfangsefnin sem voru tekin til umræðu voru: skólaráð, skólareglur, raunmæting, íslenskuþorp, mötuneyti og önnur mál. Hvert efni var rætt á hringborði þar sem einn umræðustjóri stýrði umræðunni og var jafnframt ritari. Umræðuefnin voru rædd í 8-10 mínútur hvert, að þeim tíma loknum færði hver og einn hópur sig yfir á næsta borð og tók annað umræðuefni fyrir. Allir hópar ræddu því öll málefni.


Frábær mæting var á viðburðinn en á milli 70 og 80 einstaklingar tóku þátt allan tímann. Að loknum umræðum var þátttakendum boðið upp á pizzu.



Guðrún Hrefna skólameistari ávarpar fundinn.

Íslenskuþorpið

- Nemendur sem eru langt komnir í íslensku gætu hjálpað/kennt í ÍÞ og fengið einingar fyrir.
- Nemendur gætu boðið sig fram í að hjálpa nemendum í ÍÞ að aðlagast félagslífi skólans á móti niðurfelldum fjarvistum.
- Hver erlendur nemandi fylgi íslenskum nemanda í eina viku til að mynda tengsl, kynnast skólanum og öðrum nemendum og fá einingu fyrir.
- Hafa fjölmenningsarviku til að læra um lönd þeirra sem eru í skólanum. Nemendur fái að kynna sitt land, matarmenningu o.fl.



Þarft og flott verkefni.
Mikilvægt til að
kynnast uppruna þeirra
og mikilvægt að taka
vel á móti þeim.

- Kynna ÍÞ betur.
- Of mikill fjöldi, skipta hópnum meira upp.
- Hafa oftár á önninni frekar en heila viku.
- Bæta upplýsingaflæði til nemenda/kennara.
- Of stuttur tími með nemendum..
- Nemendur í ÍÞ þurfa að taka betur til eftir sig (smiðjan).
- Kennarar sem treysta sér til bjóði sig fram.
- Vantar aukinn stuðning til kennara/deilda svo ÍÞ verði markvissara og betra.

- Nemendur í ÍÞ ættu að fá meira val um hvað þau vilja skoða svo þau lendi ekki í einhverju sem þau hafa ekki áhuga á.
- Kennarar ættu að fá meiri fyrirvara til að geta gert allt klárt. Vilja hafa fyrirkomulag þar sem nemendur ÍÞ geta fengið aðstoð við nám og íslenskukennslu frá jafnöldrum.
- Virkja nemendur með hópefli og hópaverkefnum til að kynnast betur.
- Hafa ÍÞ inni í kennsluáætlun svo nemendur séu undirbúnir og þetta hafi ekki áhrif á námsframvindu.



Mötuneytið

Matur/drykkur:

- Bjóða upp á boozt, salöt, chiagraut, ávexti, jógúrt. ostaslaufur, skyr, pastarétti.
- Kökur og nammi.
- Fleiri orkudrykki: Nocco, Redbull, mörg orðin sjálfráða.
- Bjóða upp á fleiri drykki.
- Salatbar.
- Hamborgara og pizzur.
- Regnbogakökur.
- Eftirrétti á miðvikudögum.
- Steik og rautt á föstudögum.
- Kakóvélfyrir nemendur sem drekka ekki kaffi.
- Hollari og ekki djúpstektan mat.
- Meira prótín í matinn, kjöt, baunir o.s.frv.
- Hafa veganmat.
- Hafa betri grjónagraut.
- Bjóða upp á drykk þegar það er pizza.

Aðstaðan:

- Auka fjölbreytni í kælum og fylla oftár á.
- Hafa sjálfsala.
- Fá sjoppu aftur í Smiðjuna.
- Airfryer fyrir nemendur og fleiri örbylgjuofna.
- Meiri þrif í matsal, ekki bara í enda dags.
- Ekki skúra á matartíma.
- Fleiri innstungur í matsalinn.
- Bæta hljóðvist.
- Gera matsalinn heimilislegri/notalegri.
- Of löng röð.
- Hafa léttu kaffihúsatónlist í matsalnum.
- Verðið er betra en það var, mætti auka úrvalið.



Annað:

- Sýna upplýsingar um næringargildi í matnum.
- Passa að það séu réttir merkimiðar t.d. á samlokum.
- Fá mýkra brauð.
- Lækka verðið.
- Ódýrari mat, margir fara í Bónus.
- Halda áfram að setja út afganga á föstudögum sem skemmast annars.
- Leyfa nemendum að vera með í að ákveða mat næstu viku/mánaðar. Hafa kosningu um framboðið í mötuneyti.
- Aðgengilegri matseðil, e.t.v. með qr-kóða.
- Hafa fastan matseðil á skjánum inni í matsal.
- Hafa matarmiða í vinning í bingó eða happdrætti.
- Hafa fleiri viðburði í matsalnum.

Skólareglur

- Þyrfti að gera skólareglurnar sýnilegri, mjög fáir sem vita hverjar þær eru.
- Stytta, sameina og skýra reglurnar. Hafa þær myndrænar.
- Fara yfir skólareglurnar í byrjun annar.
- Hafa skýrar afleiðingar við brot á reglum.
- Skýra betur hvað gerist ef nemandi brýtur reglur sem hann veit ekki af.



- Ef kennari mætir seint megi nemandi fara án þess að fá fjarvist (miða við 20 mín. ef kennari hefur látið vita fyrirfram, annars 15 mín.
- Skilgreina betur hversu seint nemandi þarf að mæta til að fá seint, sumir kennarar gefa seint ef nemandi er ekki mættur áður en tími byrjar.
- Tillaga um störf sem hægt er að vinna til að fá punkta fellda niður, s.s. uppvask í mötuneyti.
- Aukin notkun Ó.
- Aukin heimild til að taka á símanotkun.
- Kennarar þurfi líka að sýna nemendum virðingu.
- Taka út reglu um bílastæði. Bæta við bílastæðum eða bílastæðahúsi.
- Betra eftirlit, t.d. öryggisvörð.
- Bæta nikótínþúðum í reglur eða fá sérstakt rusl fyrir þúðana.
- Leyfa mat svo lengi sem hann truflar ekki kennslustund.
- Auka þekkingu kennara/starfsfólks á hinsegin málefnum og sérþörfum (t.d. adhd).

Skólaráð

- Skólaráð sé á milli skólameistara og nemenda, nemendur aðstoða skólameistara.
- Tillaga um að einn af hverri braut sé í skólaráði, frekar en bara tveir fulltrúar.
- Setja mynd af þeim sem eru í skólaráði á upplýsingaskjána. Auglýsa skólaráð.
- Hafa stað til að safna saman hugmyndum á og fara með þær inn á fundinn. Hafa tengil á heimasíðunni og hafa þetta á rafrænu formi. Fleiri kannanir.
- Það séu tveir nemendur fyrir hvern kennara sem mætir.
- Hafa einstaklingslýðræði, ekki formannalýðræði.
- Taka stórar ákvarðanir meðal nemenda.
- Kynna skólaráð betur fyrir nemendum.
- Hafa fulltrúa foreldra í skólaráði.
- Hafa aðgengi að skólaráði betra.
- Auka vægi nemenda í skólaráði.
- Mikilvægt að hafa skólaráð.
- Setja skemmtó í skólaráðið.
- Hafa þetta sem áfanga.
- Nemendalýðræði.



Fjölga nemendum í
skólaráði.

Hafa nemendur frá hverri
braut í skólaráði.

Kynna skólaráð betur
fyrir nemendum.




- Hafa fleiri námsráðgjafa.
- Næmniþjálfun fyrir kennara.
- Hafa kosningu um hvenær próf eru.
- Ekki hafa próf síðustu daga fyrir frí.
- Kennarar bæti upplýsingagjöf sín á milli.
- Hafa oftari skólafundi - hafa fleiri nemendur á þeim.
- Hafa kennslu fyrir einstaklinga sem eru viðkvæmir.
- Passa að kennarar tali við nemendur um heimanám.
- Hafa tillögubox fyrir nemendur sem er tæmt einu sinni í viku.
- Ef kennarar eru of seinir á að fella tímann niður eftir 15 mínútur.
- Leyfa nemendum að hafa meira að segja um hvað er gert í skólanum.
- Skólinn ætti að byrja kl. 9:50 án þess að lengja skóladag um klukkustund. Mörg vinna með skóla og finnst snemmt að fara út kl. 7 til að ná strætó.
- Passa upp á álag, má ekki vera of mikið þó það þurfi að læra ýmislegt. Skólaráð getur passað upp á þetta.
- Passa að kennarar hafi ekki of mikil verkefnaskil og minnka heimanám - hafa 2/3 í skólanum og 1/3 heima.



Raunmæting



- Hún er leiðinleg.
- Ömurleg.
- Léleg hugmynd.
- Svindl.
- Misskilningur frá byrjun til enda.
- Eykur kvíða.
- Erfitt að vita hvaða kennari vill hvað.
- Eitthvað getur komið upp á.



- Finnst hún góð, getur fengið í gegn veikindaleyfi.
- Nógu mikið svigrúm til að sleppa tímum.
- Sanngjörn, kennir manni á vinnumarkaðinn.
- Sæludagar frábærir til að vinna upp raunmætingu.



- Hafa mætingarreglur skýrar og fara eftir þeim.
- Kennarar tali betur saman um einstaka mál þegar kemur að nemendum.
- Ef nemendur geta fallið á raunmætingu þá ættu kennarar líka að gera það.
- Ef þú skilar þínu ættir þú ekki að falla út af raunmætingu.
- Ef þú stendur þig vel í námi ætti raunmætingin að vera lægri.
- Raunmæting ætti að fara eftir einkunnum.
- Ef þú ert foreldri og þarft að sjá um barnið en vinnur samt verkefnið þá ætti raunmætingin ekki að skipta máli.
- Taka út veikindi í raunmætingu.
- Lækka niður í 70-75%.
- Menntaskóli er val, mætingin á ekki að skipta jafn miklu máli.
- Raunmæting gildi meira í lokaekunn eða til hækkunar á lokaekunn.
- Er raunmæting að sýna fram á betri mætingu?

Annað

- Fá ljósabekk fyrir snyrtibraut.
- Bæta við leikjadóti (pool, fússball o.fl.).
- Teppi.
- Fá fleiri hús (undir stiga).
- Hafa fleir stóla eins í stofu 26.
- Kaupa candyflossvél (ekki alltaf leigja).
- Nýta núllhúsið fyrir saunu.
- Betri fundarherbergi og mat á fundi.
- Almenninlega loftkælingu í Nemó.
- Fá betri stóla, þeir brotna og mörg fá bakverk.
- Fleiri innstungur/fjöltengi á göngum.
- Laga klósettin.
- Gera miðrýmið úti fallett og líflegt.
- Kvartað yfir því að ræstitæknar aflæsi og opni salerni á meðan þau eru í notkun.
- Fá Gísla Pálma sem kennara eða fjármálafræðing.
- Fólki ætti ekki að hafa beltið fyrir neðan rass.
- Nemendafélagið hafi fatalínu og selji, sérþöt fyrir nefndir.
- Bíó í fundargatinu (ef það eru ekki aðrir viðburðir).
- Nýta íþróttasal fyrir hádegisviðburði.
- Lækka verð á skápum eða hafa þá fría.
- Auglýsa námsaðstoð betur.
- Kynna og nota samskiptasáttmálann.

Fá fleiri sófa - Fá fleiri stóla - Fá fleiri skápa

- Nemendur sem stunda vinnu og æfa íþróttir finna ekki tíma til að slaka, eru bara búin með helminginn af einingunum eftir þrjú ár í skóla.
- Betri/sýnilegri afleiðingar þegar kvartað er undan nemanda/kennara.
- Betri nýting á sjóðum, flestar nefndir vita ekki um peninginn sem þau hafa aðgang að.
- Fá fleiri tungumál en sleppa dönsku (ekki tengt kennurunum).
- Mætti hafa áfanga til að bæta félagslífið, eða fá einingu fyrir að mæta á viðburði.
- Passa að setja ekki verkefnaskil strax eftir frí, nemendur vilja nýta fríin í annað, ekki dulbúa heimanámsdaga sem frí.
- Sum vilja taka þátt í fundum og skipulagninu á félagslífi án þess að þurfa að stofna nefnd. E.t.v. hægt að hafa fulltrúa frá hverri braut í því.
- Laga kerfið fyrir lykla að stofum til að vinna verkefni eftir skóla, það er ósanngjarnt. Erfitt að fá nema þú eigir ríka fjölskyldu.
- Hafa líka gat fyrir hádegi á föstudögum.
- Bara verkefni, engin próf.
- Ekki takmarka fjölda í nefndum, t.d. skemmtinefnd.
- Ekki banna símanotkun, símar eru verkfæri til að nýta.
- Fræða kennara um ADHD, lesblindu, einhverfu o.fl.

